



Til borgarráðs

Efni: Forsendur fjárhagsáætlunar 2016 og fimm ára áætlunar 2016-2020

Lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016 og forsendur fimm ára áætlunar 2016-2020. Forsendur byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 29. apríl sl., en þó er stuðst við aðrar forsendur um þróun vinnumagns í Reykjavík, verðlags, gengisvísitölu og launavísitölu í ljósi nýlegrar þróunar kjaraviðræðna aðila á vinnumarkaði. Heildarforsendur skv. spá Hagstofu má finna í viðauka.

Hvítir reitir eru forsendur Hagstofu; gráir reitir eru forsendur Rvk.

Forsendur áætlunar						
Breyting milli ársmeðaltala (%)	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Einkaneysla	3,8	3,3	3,0	2,9	2,6	2,6
Fjármunamyndun	18,1	16,3	4,7	0,6	5,3	5,3
Verg landsframleiðsla	3,8	3,2	2,8	2,7	2,5	2,5
Vinnumagn í Reykjavík	1,6	0,9	0,7	0,7	0,7	0,7
Vísitala neysluverðs	2,4	4,9	4,6	3,4	2,8	2,6
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-0,1	3,0	2,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	7,6	7,8	6,0	5,2	4,6	4,3
Íbúðaverð á höfuðb.sv.	7,6	7,8	6,0	5,2	4,6	4,3

Í meðfylgjandi töflu má einnig sjá forsendur um þróun vísitölu neysluverðs, gengisvísitölu og launavísitölu innan ársins 2015 og 2016, þ.e. milli ársloka 2014 og 2015 og ársloka 2015 og 2016. Vert er að benda á að áætluð meðalbreyting vísitölu neysluverðs milli 2014 og 2015 er 2,4% en áætluð breyting milli ársloka 2014 og 2015 er hins vegar 3,9%. Það er vegna þess að verðbólga hefur verið lítil það sem af er árs en gert ráð fyrir að hún aukist töluvert á síðari hluta ársins.

Forsendur áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2015	2016
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,9	5,2
Gengisvísitala innan ársins	0,0	3,0
Launavísitala innan ársins	8,5	7,5

Frávikum frá spá Hagstofu er nánar lýst hér á eftir. Einnig er sett fram uppfærð spá fyrir útsvarstekjur A-hluta, sem byggir á framangreindum forsendum.


Forsendur um gengi, laun og verðlag

Í spá Hagstofu frá apríl sl. er gert ráð fyrir 7% hækkun launavísitölu árið 2015 og 5,3% árið 2016. Í ljósi nýlegrar þróunar kjaraviðræðna þykir ástæða til að gera ráð fyrir meiri hækkunum en felast í spá Hagstofu. Í forsendum Reykjavíkurborgar er því gert ráð fyrir að launavísitala hækki um 7,6% árið 2015 og 7,8% árið 2016. Í þessum forsendum felst að

	2015	2016	2017	2018	2019
Vísitala neysluverðs					
Forsendur Rvík.	2,4	4,9	4,6	3,4	2,8
Spá Hagstofu	1,7	3,0	2,8	2,7	2,5
Mismunur	0,7	1,9	1,8	0,7	0,3
Gengisvísitala					
Forsendur Rvík.	-0,1	3,0	2,0	0,0	0,0
Spá Hagstofu	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Mismunur	-0,1	3,0	2,0	0,0	0,0
Launavísitala					
Forsendur Rvík.	7,6	7,8	6,0	5,2	4,6
Spá Hagstofu	7,0	5,3	5,0	5,2	4,6
Mismunur	0,6	2,5	1,0	0,0	0,0



launaskrið verði lítið í sögulegu samhengi, en umsamdar launahækkunar hafa að meðaltali aðeins skýrt um 60% hækkun launavísitölunnar frá 1990 skv. mati Seðlabankans¹.

Samhliða meiri launahækkunum er gert ráð fyrir smávægilegri gengisveikingu. Við mat á áhrifum launa- og gengisþróunar á verðlag er gert ráð fyrir að hver 1% hækkun launavísitölu auki verðbólgu alls um u.þ.b. 0,6% og hver 1% hækkun gengisvísitölu auki verðbólgu alls um u.þ.b. 0,3%². Þannig er gert ráð fyrir að verðbólga verði 2,4% árið 2015 og 4,9% árið 2016 í stað 1,7% og 3,0% í spá Hagstofu.




Til hliðsjónar má benda á að í Peningamálum Seðlabankans 2015/2, sem gefin voru út í maí sl., birti bankinn mat á áhrifum framhliðinna kjarasamninga sem yrðu til þriggja ára og myndu leiða til þess að launavísitala hækkaði um 11% að meðaltali á ári. Verðbólga myndi þá aukast í 2,9% árið 2015 og verða kringum 6-8% árin 2016-2018 skv. mati Seðlabankans. Á sama tíma myndi gengi krónunnar veikjast alls um u.þ.b. 9%. Ef launahækkunar verða meiri en gert er ráð fyrir í forsendum borgarinnar verður gengisveiking og verðbólga því töluvert meiri skv. mati Seðlabankans en hér er gert ráð fyrir.

Ef einnig er skoðuð til samanburðar þróun launa, gengis og verðlags um og eftir kjarasamninga ársins 2011, þá var meðalhækkun launavísitölu 6,7% árin 2011-2013 og verðbólga var að meðaltali 4,4%, þar af 5,2% árið 2012. Í forsendum áætlunar er hins vegar gert ráð fyrir 7,2% meðalhækkun launavísitölu 2015-2017 og að verðbólga verði að meðaltali 4,0%, þar af 4,9% árið 2016. Því er í raun gert ráð fyrir að kjarasamningar ársins 2015 komi til með að hafa álíka áhrif og kjarasamningar ársins 2011, en ljóst er að hækkunar geta orðið töluvert meiri.



Í samanburði á verðbólguþöllum þessara tímabila verður að hafa í huga að gengi krónunnar var óstöðugra árin 2011-2013 en verið hefur undanfarið (sjá mynd til hægri), þó gengi hafi lítið breyst yfir tímabilið í heild (sjá mynd að ofan). Einnig hækkaði hrávöruverð á alþjóðamarkaði töluvert á síðari hluta árs 2010, meðan verð lækkaði mikið á síðari hluta ársins 2014. Á móti kemur að árin 2011-2013 var slaki í hagkerfinu meðan spennan virðist þegar farin að myndast nú, en spennan getur leitt til meiri verðbólgu en hér er gert ráð fyrir.



¹ Peningamál 2014/1, bls. 17.

² Leki launa og gengis í verðlag er áætlaður skv. tölfræðilíkani. Skjalalykill FSM: 02.01/Áætlun 2016/Forsendur

Af framansögðu er ljóst að þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir meiri launahækkunum og verðbólgu en í spá Hagstofunnar frá apríl sl. geta báðar stærðirnar hækkað töluvert meira en hér er gert ráð fyrir. Því verður mikilvægt að fylgjast náið með þróun hagkerfisins og vinnumarkaðar í Reykjavík á næstu mánuðum og bregðast skjótt við breyttum aðstæðum.

Spá fyrir útsvarstekjur

Útsvarstekjuspá fyrir árin 2015-2020 byggir á framangreindum forsendum um hækkun launavísitölu á landsvísu og aukningu vinnumagns í Reykjavík. Forsendur um aukningu vinnumagns eru óbreyttar frá forsendum fjárhagsáætlunar 2015 og fimm ára áætlun 2015-2019, í ljósi óvissu um þróun ársins 2015, t.d. hvað varðar áhrif af launahækkunum umfram forsendur fimm ára áætlunar 2015-2019 á vinnumarkað. Við mat á útsvarstekjum ársins 2015 er jafnframt tekið tillit neikvæðra áhrifa af breyttum reglum um séreignarsparnað, sem nánar er fjallað um í greinargerð með fjárhagsáætlun ársins 2015.

Niðurstöður má sjá í meðfylgjandi töflu. Fyrir árið 2015 er bæði sýnd samþykkt áætlun ársins og uppfærð spá m.v. framangreindar forsendur.

	2015 áætlun	2015 spá	2016	2017	2018	2019	2020
Hækkun launavísitölu	6,1	7,6	7,8	6,0	5,2	4,6	4,3
Aukning vinnumagns í Reykjavík	1,6	1,6	0,9	0,7	0,7	0,7	0,7
Nettó útsvarstekjur (mkr)	54.484	55.224	59.485	63.237	66.746	70.082	73.273
Breyting*		740	4.262	3.752	3.509	3.336	3.191
%		1,4	7,7	6,3	5,5	5,0	4,6

* Fyrir árið 2015 er sýnd breyting frá áætlun, fyrir hin árin er sýnd breyting frá fyrra ári

Viðauki: Þjóðhagsspá Hagstofu frá 29. apríl sl.

	Þjóðhagsspá frá apríl sl.					
Magnbreytingar frá fyrra ári (%)	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Einkaneysla	3,7	3,8	3,3	3,0	2,9	2,6
Samneysla	1,8	1,8	1,5	1,7	1,5	2,2
Fjármunamyndun	13,7	18,1	16,3	4,7	0,6	5,3
Atvinnuvegafjárfesting	15,1	20,6	18,2	3,8	-1,8	4,4
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	14,9	20,8	20,6	12,5	10,1	8,6
Fjárfesting hins opinbera	7,5	2,5	1,5	-1,0	0,5	5,0
Þjóðarútgjöld, alls	5,3	5,9	5,4	3,0	2,0	3,1
Útflutningur vöru og þjónustu	3,1	5,3	3,5	3,9	4,1	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	9,9	9,8	7,8	4,3	3,0	3,7
Verg landsframleiðsla	1,9	3,8	3,2	2,8	2,7	2,5
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	6,4	6,4	4,4	4,1	4,8	4,3
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	3,6	2,0	0,4	0,3	1,2	0,8
Viðskiptajöfnuður án innlánsstofnana	5,5	2,0	0,4	0,3	1,2	0,8
Vísitala neysluverðs	2,0	1,7	3,0	2,8	2,7	2,5
Gengisvísitala	-5,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Raugengi	6,7	0,9	0,9	0,9	0,6	0,4
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,6	3,1	3,0	2,9	3,0	3,0
Launavísitala	5,8	7,0	5,3	5,0	5,2	4,6
Alþjóðlegur hagvöxtur	1,7	1,8	2,0	2,0	2,0	2,0
Alþjóðleg verðbólga	1,3	1,0	1,6	1,9	2,0	2,0
Verð útflutts áls	2,0	-1,0	2,5	2,5	2,5	2,5
Olíuverð	-7,5	-39,7	12,8	5,4	3,6	1,8



Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

